

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 22. febrúar 2019 í máli nr. E-1270/2017:

A

(Bragi Dór Hafþórsson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Soffía Jónsdóttir lögmaður)

Mál þetta, sem var dómtekið 28. janúar sl., var höfðað 12. apríl 2017.

Stefnandi er A, [...] í [...].

Stefndi er íslenska ríkið, Arnarhvoli í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefnda verði gert að greiða stefnanda 61.200.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 6. júlí 2014 til 18. apríl 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist að stefnda verði gert að greiða stefnanda 50.600.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 20. október 2014 til 18. apríl 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Með stefnu birtri 27. september 2018 höfðaði stefnandi annað mál á hendur stefnda og hlaut það málnúmerið [...]. Í því máli krefst stefnandi þess aðallega að stefnda verði gert að greiða stefnanda 15.552.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 6. júlí 2014 til 27. september 2018, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist að stefndi greiði stefnanda 10.886.400 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 6. júlí 2014 til 27. september 2018, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til þrautavara er þess krafist að stefndi greiði stefnanda 9.537.112 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 6. júlí 2014 til 27. september 2018, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til þrautþrautavara er þess krafist að stefndi greiði stefnanda 6.931.652 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 6. júlí 2014 til 27. september 2018, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Að beiðni stefnanda og með samþykki stefnda var það mál sameinað málinu sem hér er til meðferðar með vísan til 1. mgr. 30. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, á dómþingi 14. janúar

2019. Áður hafði stefnandi höfðað framhaldssök um framangreindar kröfur sínar þann 20. mars 2018, en að kröfu stefnda var henni vísað frá dómi með úrskurði 31. maí 2018.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar.

I

Málsatvik eru þau að stefnandi var handtekinn 6. júlí 2014 og úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna rannsóknarhagsmuna frá 6. júlí 2014 til 18. júlí 2014. Rökstuddur grunur þótti um að hann hefði gerst sekur um líkamsárás gegn B og frelsissviptingu og alvarlega líkamsárás gegn C. Þegar stefnandi var handtekinn hafði hann frá 31. júní 2012 verið á reynslulausn vegna fimm ára fangelsisdóms sem hann hafði hlotið þann [...] með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. [...]. Við handtökuna átti stefnandi eftir að afplána 600 daga af þeim fangelsisdómi. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 18. júlí 2014 í máli nr. R-207/2014 var honum í kjölfar handtökunnar gert að afplána eftirstöðvar þeirrar refsingar. Sá úrskurður var staðfestur með dómi Hæstaréttar [...] í máli nr. [...].

Stefnandi lauk afplánun á 600 daga eftirstöðvum fangelsisrefsingar sinnar þann 9. mars 2016.

Ákæra á hendur stefnanda var gefin út 6. maí 2016, þ.e. tæplega einu ári og þremur mánuðum eftir að ríkissaksóknara barst málið frá lögreglu.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur [...] í máli nr. [...] var stefnandi sýknaður af öllum sakargiftum ákærvaldsins, þ.e. meintri líkamsárás og frelsissviptingu. Þeim dómi var ekki áfrýjað.

Stefnandi telur sig hafa verið sviptan frelsi að ósekju í 12 daga meðan á handtöku og síðar gæsluvarðhaldi stóð og síðan í 600 daga til viðbótar þegar hann afplánaði eftirstöðvar fyrrgreinds fangelsisdóms. Þetta hafi haft í för með sér tjón sem hann gerir nú kröfu um að fá bætt með miskabótum annars vegar og skaðabótum vegna tekjutaps hins vegar. Stefndi hafnar því aftur á móti að til bótaskyldu hafi stofnast.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi stefnandi og D, fyrirsvarsmaður [...] ehf., en þar kvaðst stefnandi hafa ráðið sig til starfa stuttu áður en hann var handtekinn.

II

Stefnandi byggir upphaflega málshöfðun sína á því að rannsakendur hafi við handtöku og ósk um gæsluvarðhald beitt óhóflegu valdi, sbr. 3. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Með því að handtaka stefnanda og óska eftir því að hann yrði færður í

gæsluvarðhald hafi frelsi hans verið skert með íþyngjandi hætti, enda hefðu rannsakendur mátt vita hvaða þýðingu það hefði fyrir stefnanda, sem þá hafi verið á reynslulausn. Frelsi hans hafi því verið skert andstætt 67. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944.

Hvað aðalkröfu stefnanda varðar þá svo byggi hann á því að stefndi hefði aldrei þurft að beita þeim íþyngjandi úrræðum sem beitt hafi verið gagnvart honum. Stefnandi mótmæli ástæðum lögreglunnar fyrir handtökunni, enda hefði rannsakendum mátt vera ljóst frá upphafi hver þáttur stefnanda hefði verið í málinu. Fyrstu framburðir brotþola hjá lögreglu hafi ekki verið í neinu samræmi, ruglingslegir og brotþolar augljóslega í annarlegu ástandi. Þau hafi síðar staðfest að hafa verið undir áhrifum þegar þau gáfu sinn fyrsta og eina framburð hjá lögreglu. Þá hafi þeir lögreglumenn sem önnuðust skýrslutökuna átt að sjá eða mátt sjá að brotþolar hefðu verið undir áhrifum. Því hafi það verið algjörlega forkastanlegt að stefnandi skyldi þurfa að pola handtöku á grundvelli þeirra.

Í gæsluvarðhaldsúrskurði frá 6. júlí 2014 hafi stefnandi verið úrskurðaður í gæsluvarðhald á grundvelli a-liðar 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008. Telji stefnandi að rannsakendur hafi beitt valdi sínu í óhófi, enda hefði þeim mátt vera ljóst strax á upphafsstigum málsins hver hlutur stefnanda var í málinu og því hafi atvik, eins og þau hafi verið máluð af stefnda, ekki verið í takt við það sem raunverulega gerðist, eins og skýrt hafi komið fram í sýknudómi frá [...]. Þá hafi stefnda á þessi stigi málsins borið að sýna sérstaka varfærni og að horfa til þess hvaða þýðingu úrskurður um gæsluvarðhald hefði fyrir stefnanda, sem hafi verið á reynslulausn.

Auðsýnt sé að handtakan hafi haft mikil áhrif á stefnanda og orðið til þess að hann var sviptur frelsi sínu í 612 daga. Frelsissviptingin hafi verið stefnanda mikið áfall og haft mikil áhrif á andlega heilsu hans og einkalíf.

Samkvæmt þágildandi 228. gr. laga nr. 88/2008 eigi maður sem borinn hafi verið sökum í sakamáli rétt til bóta ef mál hans hafi verið fellt niður eða hann sýknaður með endanlegum dómi.

Óumdeilt sé að stefnandi hafi verið handtekinn í tengslum við rannsókn málsins. Handtakan hafi verið algjörlega óþörf og beita hefði mátt vægari úrræðum. Þá hafi krafa um gæsluvarðhald verið með öllu óþörf, enda hefði þáttur stefnanda í málinu átt að skýrast strax á upphafsstigum þess. Engin ástæða hafi verið til að ætla að stefnandi myndi torvela rannsókn málsins.

Stefnandi eigi því rétt á bótum vegna handtökunnar, gæsluvarðhaldsins og afplánunar eftirstöðva refsிடóms Héraðsdóms Reykjavíkur nr. [...] samkvæmt 1. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008. Stefnandi telji að stefndi hafi af hlutdrægni dregið þá ályktun að þar sem hann hefði áður komist í kast við löginn hlyti hann að hafa átt þátt í málinu og því hafi stefndi með offorsi reynt allt sem hann hafi getað til að

koma stefnanda á bak við lás og slá.

Samkvæmt 2. mgr. 81. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga sé það skilyrði reynslulausnar að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma. Samkvæmt 2. mgr. 82. gr. sömu laga sé þó heimilt, að kröfu ákæranda, að úrskurða mann sem hlotið hafi reynslulausn til að afplána eftirstöðvar refsingar sé á reynslutíma brotið gróflega gegn almennum skilyrðum reynslulausnar eða rökstuddur sterkur grunur hafi verið um brot aðila. Stefnandi geti ekki fallist á að ákærandi hafi þurft að gera kröfu um að dómstóll úrskurðaði um fullnustu refsingar á þeim grundvelli að hann myndi torvelda rannsókn á málinu eða málið hafi verið komið skammt á veg, og í ljósi skyldu stefnda til að horfa jafnt til atriða er leitt geta til sektar og sýknu hafi stefnda verið algjörlega óþarft að krefjast fullnustu refsingar. Hefði stefnda átt að vera það ljóst að gæsluvarðhaldi loknu að hlutur stefnanda í málinu væri ekki til þess fallinn að skilyrði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsingar væru uppfyllt.

Stefnandi styðji kröfu sína um bætur við 1. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008. Krefjist stefnandi 100.000 króna fyrir hvern þann dag sem hann hafi að ósekju setið í gæsluvarðhaldi og í fangelsi, alls 612 daga. Stefnandi eigi því rétt á miskabótum, sbr. 5. mgr. sömu greinar, sem hæfilega séu ákvarðaðar 61.200.000 krónur.

Hvað varakröfu sína varði byggi stefnandi á því að hafi eitthvað verið óljóst um þátt hans í málinu, þá hafi einkaréttarkrafa brotþola frá 17. október 2014 með óumdeilanlegum hætti gert grein fyrir þætti stefnanda í málinu. Í umræddri bótakröfu hafi aðeins verið gerð krafa á einn af þremur sakborningum í málinu og samkvæmt málsatvikalýsingu bótakröfunnar hafi ekkert bent til þess að stefnandi hefði sýnt af sér nokkra saknæma háttsemi. Hefði stefndi því þá þegar átt að fella niður rannsókn á hendur stefnanda og láta hann lausan úr afplánun.

Stefnda hafi verið í lófa lagið strax við móttöku bótakröfu 20. október 2014 að hreinsa nafn stefnanda af ásökunum þeim sem gert hafi það að verkum að hann hafi verið sviptur frelsi sínu, en þvert á móti hafi stefndi sýnt af sér vítaverða háttsemi sem leitt hafi til þess að málið hafi dregist í hátt í tvö ár.

Ekki sé unnt að túlka hinn óútskýrða drátt á málinu með öðrum hætti en þeim að stefndi hafi vísvitandi verið að svipta stefnanda frelsi sínu án lagaheimildar. Því sé það með ólíkindum að stefnandi skuli hafa verið ákærður þann 6. maí 2016, en rannsókn málsins lauk um mitt ár 2014. Stefnandi hafi enga ábyrgð borið á drættinum.

Líkt og með aðalkröfu sína styðji stefnandi varakröfu sína um bætur við 1. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008. Krefjist hann 100.000 króna fyrir hvern þann dag sem hann hafi að ósekju setið í gæsluvarðhaldi og í fangelsi, alls 506 daga. Eigi stefnandi því rétt á miskabótum, sbr. 5. mgr. sömu greinar, sem hæfilega séu

ákvarðaðar 50.600.000 krónur.

Stefnandi hafi verið á reynslulausn í tvö ár án þess að komast í kast við lögin og lagt sig allan fram við að koma lífi sínu í rétt horf eftir fangelsisvistina. Hafi það haft mikil áhrif á hann að vera sviptur frelsi sínu og vera sakaður um alvarlega refsiverða háttsemi í máli þar sem síðar hafi komið í ljós að hann hefði verið sýknaður af öllum kröfum. Eigi stefndi því rétt til miskabóta skv. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Sá óútskýrði dráttur á málinu sem leitt hafi til þess að stefnandi hafi verið sviptur frelsi í 506 daga hafi verið sjálfstætt brot af hálfu stefnda sem þegar leiði til miskabóta, sbr. 26. gr. laga nr. 50/1993.

Vaxtakrafa stefnanda byggist á ákvæðum 8. gr. laga nr. 38/2001, eða frá þeim tíma er hinn bótaskyldi atburður hafi átt sér stað. Í aðalkröfu sé miðað við 6. júlí 2014, er handtakan hafi farið fram, og í varakröfu við 20. október 2014, er stefndi hafi mótttekið einkaréttarkröfu brotþola. Dráttarvaxtakrafa stefnanda byggist á 1. mgr. 6. gr. sömu laga og séu dráttarvextir reiknaðir frá þingfestingardegi málsins.

Eins og áður segir höfðaði stefnandi framhaldssök gegn stefnda undir rekstri málsins, en henni var vísað frá að kröfu stefnda. Höfðaði stefnandi þá annað mál gegn stefnda sem síðar var sameinað þessu máli. Málsástæður stefnanda vegna síðari málshöfðunar hans eru eftirfarandi.

Skömmu áður en stefnandi hafi verið handtekinn hinn 6. júlí 2014 hafi hann ritað undir ráðningarsamning við hugbúnaðarfyrirtækið [...],[...] í [...]. Hann hafi hafið störf hjá félaginu 1. júlí 2014. Samkvæmt ráðningarsamningnum skyldu laun hans ákvarðast 480.000 krónur á mánuði. Vegna handtökunnar, gæsluvarðhaldsins og eftirfarandi fangelsisvistar hafi ekkert orðið úr starfi stefnanda hjá [...]. Þá hafi stefnandi áfram legið undir grun lögreglu þegar hann losnaði úr fangelsi og þar til hann hafi verið sýknaður með dómi [...]. Ljóst sé að stefnandi hafi ekki getað ráðið sig til starfa hjá félaginu á þeim tíma.

Með handtökunni, gæsluvarðhaldinu og eftirfarandi fangelsisvist hafi lögreglan brotið gegn réttindum stefnanda samkvæmt 67. og 70. gr. stjórnarskrárinnar. Hafi stefnandi verið sviptur frelsi að ósekju enda hafi hann reynst saklaus af þeirri háttsemi sem honum hafi verið gefin að sök í ákæru. Eigi stefnandi því rétt á skaðabótum samkvæmt 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. og 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Að auki hafi hin óralanga málsmeðferð haft gríðarleg áhrif á réttindi stefnanda, en tæplega 30 mánuðir hafi liðið frá handtöku stefnanda og fram að sýknudómi Héraðsdóms Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda byggist á útreikningum á væntanlegum launum stefnanda hjá [...]. Aðal- og varakrafa stefnanda byggist á vergum launum, þ.e. 480.000 kr. á mánuði auk framlags atvinnurekanda í lífeyrissjóð, án frádráttar

vegna tekjuskatts og lífeyrissjóðs. Það sem skilji á milli krafanna sé tímabilið sem liðið hafi frá því að stefnandi lauk afplánun og þar til hann hafi verið sýknaður með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur.

Í þrauta- og þrautaþrautavarakröfu stefnanda sé byggt á væntanlegum launum stefnanda hjá [...], þ.e. 480.000 kr. á mánuði eins og í aðal- og varakröfu. Hins vegar hafi í þessum kröfum verið tekið tillit til þeirra tekjuskattsgreiðslna sem vinnuveitanda stefnanda hefði borið að greiða. Enn sé miðað við framangreind tímabil, þ.e. 30 og 21 mánuð.

Allar kröfur stefnanda byggi að því að starfsmenn stefnda hafi valdið honum tjóni með ólögmætri og saknæmri háttsemi. Aðal- og þrautavarakrafa stefnanda byggi á því að stefnandi hafi ekki getað ráðið sig til starfa fyrr en hann hafi verið sýknaður þann [...]. Það að liggja undir grun og sæta ákæru hafi haft í för með sér gríðarleg vandkvæði við að ráða sig til vinnu. Það að stefnandi hafi að ósekju haft stöðu sakbornings hafi því valdið honum tjóni til viðbótar við þá frelsissviptingu sem hann varð fyrir við handtökuna, gæsluvarðhaldið og afplánun eftirstöðva refsisdóms. Vara- og þrautavarakrafa byggist á því að einungis eigi að líta til tímans sem stefnandi hafi verið sviptur frelsi innan fangelsiskerfisins.

Hafa verði í huga að ákvæðið feli í sér skerðingu á þegar veittum réttindum til reynslulausnar og skerðingu á frelsi einstaklings samkvæmt 67. gr. stjórnarskrár. Ljóst sé að úrskurður dómstóla þessa efnis komi ekki til af sjálfu sér og verði að ætla að öllum ákvörðunum starfsmanna stefnda um að krefjast slíks úrskurðar skuli einungis beita í undantekningartilvikum. Krafa starfsmanna stefnda um afplánun hafi því falið í sér stórkostlegt brot gegn meðalhófi.

Stefndi hafi haldið því fram að stefnandi hefði sjálfur valdið því að hann hafi þurft að sitja af sér alla fangelsisrefsinguna, þar sem hann hafi neitað sök og neitað að tjá sig við lögreglu. Stefnandi bendi á að það séu grundvallarmannréttindi hvers sakbornings að neita að tjá sig við lögreglu. Ekki verði byggt á því í málinu að stefnandi hafi fyrirgert einhverjum bótarétti með því að virkja þau grundvallarréttindi.

Krafa stefnanda byggi á 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. og 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Að auki byggi stefnandi á meginreglum skaðabótaréttar.

III

Stefndi mótmælir öllum málatilbúnaði stefnanda sem röngum og ósönnuðum. Vegna sýknu stefnanda af ákæru með dómi séu bótaskilyrði þágildandi 1. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 fyrir hendi. Samkvæmt 2. mgr. 228. gr. sé þó heimilt að fella niður bætur eða lækka hafi sakborningur valdið eða stuðlað að þeim

aðgerðum sem hann reisi kröfur sínar á. Sýknukrafa stefnda byggist á því að stefnandi hafi sjálfur stuðlað að aðgerðum gegn sér og því beri að fella niður bætur til hans.

Við handtöku hafi stefnanda verið kynnt sakarefnið og honum gerð grein fyrir því að hann hefði réttarstöðu sakbornings. Þann sama dag hafi stefnandi verið yfirheyrður hjá lögreglu sem sakborningur og honum gefinn kostur á að greina frá atvikum eins og þau hafi horft við honum. Stefnandi hafi kosið að tjá sig ekkert um þau. Engin breyting hafi orðið á þessari afstöðu stefnanda þann tíma sem hann hafi setið í gæsluvarðhaldi eftir að hann hafi hafið afplánun eftirstöðva refsingar samkvæmt dómi frá 2009.

Þótt stefnanda hafi verið frjálst að taka þessa afstöðu við rannsókn og rekstur sakamáls á hendur sér telji stefndi óhjákvæmilegt að líta svo á að hann hafi með henni stuðlað að því gæsluvarðhaldi sem hann sætti og krefjist nú bóta fyrir. Hvorki stefnanda, né lögmanni hans, hafi getað dulist að þessi afstaða gæti firrt stefnanda þeim bótarétti sem hann kynni að eiga á hendur stefnda, yrði rannsókn málsins felld niður á hendur honum eða hann sýknaður af refsidómi.

Stefnandi hafi fyrst tjáð sig um atvik málsins eins og þau horfðu við honum þegar réttað hafi verið í máli hans í nóvember 2016. Stefnanda hafi verið í lófa lagið að útskýra sína hlið málsins á fyrri stigum þess, og að teknu tilliti til framburðar hans fyrir dómi hefði það mögulega getað haft áhrif á framvindu málsins.

Í dómaframkvæmd hafi lögmæti rannsóknaraðgerða ekki verið talið skipta máli við mat á bótaskyldu samkvæmt 228. gr. ef bótaskilyrðin sem tilgreind séu í 1. mgr. 228. gr. séu fyrir hendi. Allt að einu sé á því byggt að handtaka og gæsluvarðhald stefnanda hafi verið í samræmi við heimildir sakamálalaga og lögreglulaga. Stefnandi hafi legið undir rökstuddum grun um að hafa átt aðild að alvarlegum brotum. Aðgerðir lögreglu hafi verið lögmætar og réttmætar, svo sem staðfest hafi verið af dómstólum. Öndverðum málsástæðum stefnanda sé mótmælt sem röngum.

Þann 9. júlí 2014 hafi C og B kært stefnanda fyrir líkamsárás og frelsissviptingu. Þær kærur hafi ekki verið afturkallaðar.

Fimm vitni hafi gefið skýrslu hjá lögreglu. Þær skýrslur hafi gefið lögreglu fulla ástæðu til að ætla að stefnandi hefði, ásamt öðrum sakborningum, veist að B og C og í kjölfar frelsissviptingar veitt C ýmiss konar áverka. Í málinu hafi einnig legið fyrir lífsýni úr fatnaði stefnanda, sem hafi haft sama snið og DNA-snið C, og hafi jafnframt fundist á fatnaði annarra sakborninga, bifreiðinni sem C hafi verið fluttur í og á aðalvettvangi árásarinnar að [...] í [...].

Því sé mótmælt sem röngu og ósönnuðu að einkaréttarkrafa [...] hafi að geyma sanna lýsingu á þeirri árás sem hann sætti. Atvikalýsing í einkaréttarkröfu C sé á skjön við gögn málsins og beri þess merki að honum hafi verið „gefinn kostur“ á að lagfæra fyrri framburð sinn.

Málsástæðu stefnanda þess efnis að hann eigi bótarétt á grundvelli 228. gr. laga nr. 88/2008 vegna þess að honum hafi verið gert að afplána eftirstöðvar refsingar samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. [...] sé mótmælt sem rangri. Bótaregla 228. gr. laga nr. 88/2008 takmarkist við þær rannsóknaraðgerðir sem tilgreindar séu í IX.-XIV. kafla laganna. Afplánun fyrri refsisdóms falli ekki þar undir. Þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefnda af þeirri kröfu.

Framvinda rannsóknar lögreglu hafi verið eðlileg. Öndverðum málsástæðum stefnanda sé mótmælt sem röngum. Hvorki dráttur á rannsókn máls, né dráttur á saksókn, falli undir þær rannsóknaraðgerðir sem bótaskyldar séu samkvæmt 2. mgr. 228. gr. Bótaskilyrði 228. gr. séu því ekki fyrir hendi og því beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af varakröfu stefnanda.

Stefnandi hafi ekki sýnt fram á ólögsmæta og saknæma háttsemi starfsmanna stefnda. Skilyrði miskabóta á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 séu ekki heldur fyrir hendi. Dómstólar hafi fallist á það með stefnda að lög stæðu til þess að stefnanda bæri að taka út eftirstöðvar refsingar sinnar. Bótakrafa stefnanda byggji á því að dómur Hæstaréttar í máli nr. [...] sé rangur. Stefndi telji að réttarfarslög standi í vegi fyrir því að héraðsdómur geti endurskoðað dóm Hæstaréttar í máli stefnanda. Samkvæmt 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 skuli vísa slíkri kröfu frá dómi.

Ekki séu uppfyllt skilyrði neinna þeirra bótareglna sem stefnandi vísi til, en í því efni taki stefndi fram að ákvæði stjórnarskrár veiti stefnanda ekki rýmri bótarétt en ákvæði 228. gr. laga nr. 88/2008.

Hvað varakröfu stefnda varðar þá tekur stefndi fram að stefnandi hafi engin gögn lagt til málsins til stuðnings fjárkröfum sínum. Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda sé fjárhæð bótakrafna stefnanda mótmælt, en bæði aðalkrafan og varakrafan séu með öllu ósannaðar, órökstuddar og úr öllum takti við dómafordæmi.

Stefndi telji að lækka beri stefnukröfur verulega, annars vegar á grundvelli eigin sakar samkvæmt heimildinni í 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 og hins vegar með vísan til dómaframkvæmdar í sambærilegum málum, þar sem bætur hafi verið ákvarðaðar miklum mun lægri en stefnandi geri kröfur um.

Vaxtakröfu stefnanda sé mótmælt. Stefnda hafi fyrst orðið kunnugt um bótakröfu stefnanda 12. apríl 2017, þegar honum hafi verið birt stefna. Að auki vísi stefndi til niðurlags 9. gr. laga nr. 38/2001 og telji nær að miða við síðara tímamark, enda hafi ekki verið lögð fram nein gögn til að meta meint tjón stefnanda.

Varðandi síðara dómssmál stefnanda, sem var eins og áður segir sameinað þessu máli, byggir stefndi á því að meint tjón stefnanda sé að rekja til eigin sakar hans, sbr. umfjöllun hér að framan. Byggir stefndi að öðru leyti á sömu málsástæðum og að framan greinir.

Hvað varði tilvísun stefnanda til meginreglna skaðabótaréttarins vilji stefndi halda því til haga að í dómaframkvæmd hafi ákvæði 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og 5. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, verið túlkuð með hliðsjón af almennum reglum skaðabótaréttar, þar á meðal um eigin sök. Stefndi einn beri ábyrgð á því að hafa ekki upplýst um atvik málsins, eins og þau hafi horft við honum, fyrr en mál hans hafi verið flutt fyrir dómi. Stefndi geti ekki borið ábyrgð á þeirri ákvörðun stefnanda.

Starfsmenn stefnda hafi unnið að rannsókn málsins í samræmi við lagafyrirmæli í þeim tilgangi að upplýsa alvarleg brot. Nauðsynleg bótaskilyrði almennu skaðabótareglunnar um saknæmi og ólögmæti séu ekki fyrir hendi. Stefndi beri sönnunarbyrðina fyrir hinu gagnstæða.

Stefndi beri sönnunarbyrðina fyrir því að öll skilyrði skaðabóta séu fyrir hendi. Stefndi telji skorta á sönnun á nauðsynlegum orsakatengslum.

Hvað varði sönnun tjóns sé því haldið til haga að áður en atvik þessa máls áttu sér stað mun stefndi hafa glímt við félagsfælni, kvíða og þunglyndi, samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorði. Samkvæmt frásögn hans sjálfs hafi hann lítið sem ekkert unnið um ævina og síðast verið í launaðri vinnu árið 2002 til 2003, hjá Eimskipum, en hafi hætt þar meðal annars vegna kvíða og félagsfælni. Frásögn stefnanda um síðari atvinnuþátttöku sé nokkuð á reiki. Stefndi beri hallann af misvísandi fullyrðingum sínum í þeim efnum.

Stefndi uppfylli læknisfræðileg skilyrði fyrir hæsta örorkustigi samkvæmt fyrirliggjandi örorkumati Tryggingastofnunar ríkisins frá 29. janúar 2015. Í gögnum sem lúti að umsókn hans um örorkulífeyri hjá Tryggingastofnun ríkisins sé eftir honum haft að eftir að hann hætti störfum hjá Eimskipum árið 2003 hafi heldur hallað undan fæti hjá honum. Frá þeim tíma hafi hann glímt við geð- og atferlisraskanir af völdum notkunar margra lyfja og notkunar annarra geðvirkra efna. Hinn 16. október 2014, þremur mánuðum eftir að atvik málsins urðu, hafi stefndi sætt lækni skoðun vegna umsóknar til Tryggingastofnunar ríkisins um örorkulífeyri. Í læknisvottorði, dags. 29. janúar 2015, sem gefið hafi verið út á grundvelli þeirrar lækni skoðunar hafi stefndi verið talinn óvinnufær. Með vísan til framangreinds skorti verulega á sönnun þess að meint tjón stefnanda sé að rekja til handtöku hans, gæsluvarðhalds og afplánunar eftirstöðva refsídóms.

Þannig liggja fyrir að andlegt álag, þ.á m. kvíði og félagsfælni, hafi staðið þátttöku stefnanda á almennum vinnumarkaði fyrir þrifum um langt árabíl og því

eigi stefnandi afdráttarlaust að bera sönnunarbyrði fyrir því að gjörbreyting hafi verið í vændum á atvinnuhögum hans. Þar að auki sé kröfugerð stefnanda um greiðslu launa í 30 mánuði og til vara 21 mánuð í miklu ósamræmi við dómaframkvæmd í sambærilegum málum. Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda sé rétt að lækka verulega kröfur stefnanda.

Stefndi mótmæli þeirri útreikningsaðferð á dómkröfum sem viðhöfð sé í stefnu. Sérstaklega sé því mótmælt að rök standi til að bæta stefnanda töpuð lífeyrisréttindi. Verði fallist á kröfur stefnanda telji stefndi að miða beri við dómaframkvæmd Hæstaréttar, sem mótast hafi um langa hríð, um bætur vegna óréttmæts starfsmissis.

Vaxtakröfum stefnanda sé mótmælt sem röngum og órökstuddum. Stefnda hafi fyrst orðið kunnugt um skaðabótakröfu stefnanda þegar hann hafi fengið framhaldsstefnu senda í tölvupósti þann 20. mars 2018. Verði fallist á skaðabótakröfu stefnanda að einhverju eða öllu leyti telji stefndi að miða beri upphafsdag vaxta við 20. apríl 2018, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001.

IV

Fyrir liggur að stefnandi var handtekinn 6. júlí 2014 og úrskurðaður þann sama dag í gæsluvarðhald til 18. sama mánaðar. Sætti hann þar með gæsluvarðhaldi í 12 sólarhringa. Í kjölfarið var stefnanda gert að afplána 600 daga fangelsisvist samkvæmt eldri dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá [...] í máli nr. [...]. Þá liggur fyrir í málinu að stefnandi var sýknaður af ákæru með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur [...] í máli nr. [...], en þeim dómi var ekki áfrýjað.

Bótakröfur stefnanda í málinu eru af tvennum toga. Annars vegar krefst hann bóta vegna tekjutaps á umræddu 612 daga tímabili en hins vegar krefst hann miskabóta vegna frelsissviptingarinnar.

Hvað meint tekjutap stefnanda varðar þá byggir hann, eins og áður segir, á því að hann hafi ráðið sig til starfa hjá félaginu [...] ehf. 24. júní 2014 og hafið störf þar 1. júlí sama ár, þ.e. sex dögum áður en hann var handtekinn. Stefnandi hefur lagt fyrir dóminn afrit umrædds ráðningarsamnings og fyrir dómi kvaðst D, fyrirvarsmaður [...] ehf., staðfesta umræddan samning. Stefndi mótmælir aftur á móti kröfum stefnanda vegna meints tekjutaps og vefengir samninginn. Fyrir dómi lýstu stefnandi og téður D því báðir að umrætt starf hefði ekki verið auglýst heldur hefði það komist á fyrir tilstilli góðs vinar þeirra beggja.

Að mati dómsins verður við úrlausn krafna stefnanda vegna hins meinta tekjutaps að líta til þess að hann hefur sjálfur lagt fyrir dóminn gögn um verulega örorku sína sem gefa til kynna að afar ólíklegt hefði verið að hann hefði, heilsu sinnar vegna, getað tekið að sér umrætt starf. Nánar tiltekið sóttist hann eftir

örorkubótum í mars 2015. Á svokölluðum spurningalista Tryggingastofnunar ríkisins vegna færniskerðingar, dags. 23. mars 2015, færði stefnandi til bókar að hann hefði síðast unnið árin 2003 til 2004. Annars hefði hann lítið sem ekkert unnið um ævina. Hann kvaðst þjást af miklu þunglyndi, félagsfælni og áfallastreituröskun auk áfengis- og lyfjafiknar. Í skýrslu læknis vegna skoðunar á stefnanda, dags. 28. október 2015, í tilefni umsóknar stefnanda um örorkubætur kemur fram að stefnandi hafi hætt því starfi sem hann gegndi árið 2004 vegna kvíða og félagsfælni. Þar greinir einnig að stefnandi telji sig hafa verið veikan alla tíð. Með bréfi, dags. 28. desember 2015, tilkynnti Tryggingastofnun ríkisins stefnanda um þá niðurstöðu stofnunarinnar að læknisfræðileg skilyrði fyrir hæsta örorkustigi væru uppfyllt hjá stefnanda.

Þá verður ekki fram hjá því lítið að upplýsingar um ráðningarsamninginn og kröfur á grundvelli hans komu ekki fram fyrr en tæpu ári eftir að mál þetta var upphaflega höfðað, en ekki hafa komið fram haldbærar skýringar á því hversu seint kröfur stefnanda vegna umrædds tjóns komu fram.

Þegar allt þetta er virt heildstætt verður að fallast á það með stefnda að málalíbúnaður stefnanda um meint tekjutap hans er ótrúverðugur og stangast auk þess verulega á við upplýsingar sem hann hefur sjálfur lagt fram í málinu um heilsufar sitt og atvinnusögu, en stefnandi hefur ekki útskýrt það misræmi með nokkrum hætti. Telst því ósannað að stefnandi hafi orðið fyrir því tekjutapi sem hann reisir aðal-, vara, þrautavara- og þrautþrautavarakröfu sína á í því máli sem hann höfðaði 27. september 2018 og síðar var sameinað hinu fyrirbyggjandi máli. Þegar af þeirri ástæðu ber að sýkna stefnda af umræddum kröfum stefnanda.

Eftir stendur það álitaefni hvort stefnandi eigi rétt til þeirra miskabóta sem hann krafðist með upphaflegri málshöfðun sinni 12. apríl 2017.

Um bótagrundvöll vísar stefnandi einkum til þágildandi 228. gr. laga nr. 88/2008, en það ákvæði er nú óbreytt að finna í 246. gr. laganna. Með ákvæðinu var sakborningum veittur bótaréttur vegna tiltekinna aðgerða við rannsókn sakamáls, svo sem gæsluvarðhalds, yrðu þeir sýknaðir með endanlegum dómi. Í 2. mgr. sagði þó að fella mætti niður bætur eða lækka þær hefði sakborningur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisti kröfu sína á.

Frelsisvipting stefnanda var, eins og áður segir, tvíþætt, þ.e. annars vegar í formi handtöku og gæsluvarðhalds og hins vegar í formi afplánunar eftirstöðva fyrrnefnds fangelsisdóms sem hann hlaut 6. ágúst 2009. Þar með er ljóst að frelsisvipting stefnanda í formi handtöku samkvæmt XIII. kafla laga nr. 88/2008 og gæsluvarðhalds samkvæmt XIV. kafla sömu laga féll undir gildissvið þágildandi 1. mgr. 228. gr. laganna, enda var stefnandi, eins og áður segir, sýknaður af ákæru með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur [...], en þeim dómi var ekki áfrýjað. Hvað

varðar afplánun stefnanda á eftirstöðvum fyrirnefnds fangelsisdóms frá 6. ágúst 2009 þá byggðist sú ráðstöfun aftur á móti á þágildandi 2. mgr. 65. gr. laga nr. 49/2005. Samkvæmt umræddu ákvæði gat dómstóll að kröfu ákæranda úrskurðað að maður, sem hlotið hefði reynslulausn, skyldi afplána eftirstöðvar refsingar ef hann á reynslutíma ryfi gróflega almennt skilyrði reynslulausnar, enda lægi fyrir sterkur grunur um að hann hefði framið nýtt brot sem varðað gæti sex ára fangelsi eða að brotið varðaði við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ólíkt því sem að framan greinir um ráðstafanir á borð við handtöku og gæsluvarðhald, þá vísaði þágildandi 228. gr. laga nr. 88/2008 ekki til úrskurða dómstóla um afplánun eftirstöðva fangelsisdóma. Umrædd bótaregla er hlutlæg og felur í sér undantekningu frá hinni almennu sakarreglu íslensks skaðabótaréttar. Verður því almennt að skýra þágildandi 228. gr. laga nr. 88/2008 svo að þær aðgerðir sem leitt geti til hlutlægrar bótaábyrgðar stefnda á grundvelli laganna séu þar taldar með tæmandi hætti, sbr. til nokkurrar hliðsjónar dóm Hæstaréttar 1. mars 2001 í máli nr. 269/2000. Verður ákvæðinu því ekki beitt við úrlausn á bótakröfu stefnanda vegna afplánunar á eftirstöðvum fyrirnefnds fangelsisdóms.

Aftur á móti byggir stefnandi kröfu sína einnig á 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, en þar er kveðið á um að maður sem sviptur hafi verið frelsi að ósekju skuli eiga rétt til skaðabóta. Stefndi ber fyrir sig að stefnandi geti ekki talist hafa verið sviptur frelsi að ósekju á meðan honum var gert að afplána eftirstöðvar eldri fangelsisdóms sem hann hafði áður ákveðið að una. Ekki er unnt að fallast á þessa röksemd stefnda. Orðin „að ósekju“ í 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar ber samkvæmt lögskýringargögnum að skilja á þann veg að þau vísi „til þess að maður hafi verið sviptur frelsi saklaus eða að ástæðulausu“. Í hinu fyrirbyggjandi máli hafði stefnanda verið veitt reynslulausn lögum samkvæmt og var hann því frjáls ferða sinna þegar ákveðið var að svipta hann því frelsi, fyrst með handtöku sem leiddi til gæsluvarðhalds, en síðar á grundvelli sterks gruns um skilorðsrof. Sá grunur reyndist ekki vera á rökum reistur og verður því ekki útilokað fyrir fram að stefnandi eigi rétt til bóta samkvæmt 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt orðalagi ákvæðisins gerir það ekki áskilnað um saknæma háttsemi handhafa ríkisvalds og verður því að líta svo á að ákvæðið feli í sér hlutlæga bótareglu, sbr. til nokkurrar hliðsjónar dóm Hæstaréttar 17. mars 2005 í máli nr. 311/2004 og dóm Hæstaréttar 12. október 2000 í máli nr. 175/2000. Þó er ljóst að bótaréttur samkvæmt ákvæðinu getur fallið brott ef maður telst sjálfur hafa átt sök á því að gripið hafi verið til sviptingar frelss hans eða frelssvipting hafi orðið svo löng sem raun ber vitni, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 8. mars 2012 í máli nr. 492/2011.

Að öllu framangreindu virtu er ljóst að hvort sem litið er til 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar eða þágildandi 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 er unnt að skerða bótarétt ýmist í heild eða að hluta á grundvelli eigin sakar tjónþola. Eins og áður segir byggir stefndi á því að stefnandi hafi sýnt af sér eigin sök og skuli þar með sæta slíkri skerðingu til fulls. Við aðalmeðferð fyrrgreinds sakamáls, sem lyktaði með sýknu stefnanda, kvaðst hann einungis hafa stillt til friðar vegna átaka meðákærða E við C og síðan aðstoðað C, til dæmis með því að færa honum kalt viskustykki.

Stefnandi hafði áður verið yfirheyrður þrisvar sinnum af lögreglu með nokkru millibili meðan á rannsókn málsins stóð, þ.e. 6. júlí 2014, 17. sama mánaðar og 16. janúar 2015. Í öllum tilvikum notfærði hann sér rétt sinn sem sakborningur til að tjá sig ekki við lögreglu. Hinn 9. júlí 2014 voru teknar skýrslur af C og B. Lögðu þau bæði fram kæru á hendur stefnanda. Við skýrslutöku hjá lögreglu 17. júlí 2014 var stefnanda kynntur sá framburður C að stefnandi hefði gengið í skrokk á honum og meðal annars notað til þess kúbein. Fram kom í máli lögreglumanna að samkvæmt læknabréfi hefði C hlotið höfuðkúpubrot og brot á andlitsbeinum. Þá voru bornir undir stefnanda áverkar B samkvæmt læknabréfi. Við skýrslutöku hjá lögreglu 16. janúar 2015 voru stefnanda kynntar niðurstöður DNA-rannsóknar sem báru með sér að blóð úr téðum C hefði fundist á fötum stefnanda er hann var handtekinn. Tjáði stefnandi sig, eins og áður segir, ekki um neitt af framangreindum atriðum, jafnvel þótt hann hefði síðar haldið því fram í sakamáli er höfðað var gegn honum að hann hefði einungis stillt til friðar og hjálpað C.

Við þær aðstæður sem uppi voru við rannsókn málsins mátti stefnanda vera ljóst mikilvægi þess að hann skýrði undanbragðalaust og greinilega frá öllum atvikum varðandi aðkomu hans að málinu. Þannig hefði hann getað varpað ljósi á þau átök sem hann bar síðar við aðalmeðferð sakamálsins að brotist hefðu út milli C og E. Átti þetta við þrátt fyrir þá meginreglu að sakborningi sé óskyldt að svara spurningum um refsiverða hegðun sem honum er gefin að sök, sbr. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 88/2008 og til nokkurrar hliðsjónar dóm Hæstaréttar 12. október 2000 í máli nr. 175/2000. Framangreind sjónarmið um háttsemi stefnanda við rannsókn málsins urðu þeim mun brýnni eftir að Héraðsdómur Reykjavíkur hafði með úrskurði [...], sem síðar var staðfestur af Hæstarétti, komist að þeirri niðurstöðu að fullnægt væri skilyrðum 2. mgr. 65. gr. laga nr. 49/2005 um að stefnandi hefði á reynslutíma rofið gróflega almenn skilyrði reynslulausnarinnar og að fyrir lægi sterkur grunur um að hann hefði framið brot sem varðað gæti sex ára fangelsi.

Að öllu framangreindu virtu sýndi stefnandi af sér eigin sök sem réttlætir að miskabætur til hans verði lækkaðar. Verður nú nánar vikið að því álítaefni hversu mikinn hluta tjóns síns stefnandi verður sjálfur að bera.

Stefnandi byggir á því að eftir að einkaréttarkrafa C, dags. 17. október 2014, barst lögreglu 20. október 2014 hafi skilyrðum fyrir frelsissviptingu hans í öllu falli ekki lengur verið fullnægt. Stefndi mótmælir þessu og byggir á því að atvikalýsing í einkaréttarkröfunni sé á skjön við gögn málsins og beri þess merki að honum hafi verið „gefinn kostur“ á að lagfæra fyrri framburð sinn, eins og stefndi orðar það. Að mati dómsins verður að telja að miðað við önnur gögn málsins, þar á meðal lögregluskýrslu af B og jafnframt af F, starfsmanni [...] á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði þar sem stefnandi, G og E skildu við C umrædda nótt, hafi lögreglu verið rétt að líta svo á að breytt lýsing C kynni á því stigi að hafa skýrst af þvingunum. Þá lagði stefnandi lögreglu ekki lið við að upplýsa málið, en eins og að framan greinir bar stefnandi að lokum fyrir dómi um þátt E í árás hins síðarnefnda á C. Verður því hvorki fallist á það með stefnanda að lögmat skilyrði fyrir frelsissviptingu hans hafi á því stigi verið úr sögunni né að bætur til hans megi ekki lækka á grundvelli eigin sakar eftir að einkaréttarkrafa C barst lögreglu.

Aftur á móti verður ekki fram hjá því litið að verulegar og óútskýrðar tafir urðu á útgáfu ákæru í málinu eftir að rannsókn lögreglu lauk, en í þeim efnum verður ekki sakast við stefnanda. Nánar tiltekið hafði lögregla sent ríkissaksóknara málið til meðferðar með bréfi, dags. 12. febrúar 2015. Verður ekki annað séð en að framvinda lögreglurannsóknarinnar hafi verið nokkuð eðlileg, meðal annars með hliðsjón af DNA-rannsókn sem framkvæmd var í Svíþjóð. Með bréfi, dags. 18. maí 2015, hafnaði Fangelsismálastofnun ríkisins beiðni stefnanda um reynslulausn með vísan til þess að fanga skyldi að jafnaði ekki veitt reynslulausn ef hann ætti sakamál til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum. Stefnandi lauk afplánun á 600 daga eftirstöðvum fangelsisrefsingar sinnar þann 9. mars 2016. Fram til þess tíma hafði þáverandi verjandi hans ítrekað haft samband við embætti ríkissaksóknara, minnt á hagsmunum stefnanda af skjótri málsmeðferð og spurst fyrir um stöðu málsins. Ákæra í málinu var aftur á móti ekki gefin út fyrr en 6. maí 2016, þ.e. tæplega einu ári og þremur mánuðum eftir að ríkissaksóknara barst málið frá lögreglu. Stefnandi var síðan, eins og áður segir, sýknaður með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur [...]. Í þeim dómi var fundið að miklum drætti hjá ákærvaldinu.

Engar haldbærar skýringar hafa komið fram af hálfu stefnda sem réttlætt geta framangreindar tafir. Í ljósi frelsissviptingar stefnanda var aftur á móti brýnt að ákærvaldið hraðaði meðferð málsins. Að mati dómsins bar ákærvaldinu skylda, eins og atvikum málsins var háttað, til að gefa út ákæru eigi síðar en í lok mars 2015. Ganga má út frá því, miðað við þann tíma sem mál stefnanda tók í reynd í dómsskerfinu, að dóm hefði þá mátt kveða upp í máli hans eigi síðar en 28. október 2015. Samdægurs hefði borið að láta stefnanda lausan. Frá og með þeim degi fram

til 9. mars 2016 liðu 133 sólarhringar. Aftur á móti staðfesti stefnandi í aðilaskýrslu sinni fyrir dómi að honum hefði boðist að hefja reynslulausn einum mánuði áður en afplánunin átti að taka enda. Hefði hann hafnað því boði þar sem honum hefði þótt íþyngjandi að þurfa að sæta skilorði í mörg ár þar á eftir vegna reynslulausnar sem byðist svo seint. Á stefnanda hvíldi sú skylda sem tjónþola að takmarka tjón sitt og gat skilyrðið um að sæta skilorði vegna reynslulausnar umræddan mánuð engu breytt þar um. Ber því að draga 30 daga frá fyrrgreindum 133 dögum.

Að öllu framangreindu virtu ber á grundvelli 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar að dæma stefnanda miskabætur úr hendi stefnanda vegna frelsissviptingar í 103 daga, en að öðru leyti verður stefnandi að bera tjón sitt sjálfur. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 3.605.000 krónur, en sú fjárhæð rúmast innan kröfugerðar stefnanda.

Stefndi mótmælir vaxtakröfu stefnanda. Telja verður að tjón stefnanda hafi legið ljóst fyrir undir lok framangreinds tímabils sem bótaskylda stefnda tekur til, þ.e. 8. febrúar 2016 þegar stefnandi átti þess kost að ljúka afplánun sinni. Í samræmi við þetta verður stefnda gert að greiða stefnanda vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til 12. maí 2017, en þá var mánuður liðinn frá birtingu stefnu í málinu, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi, dags. 12. maí 2017, og eru því ekki efni til að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar. Verður hann því felldur niður. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Braga Dórs Hafþórssonar, sem þykir hæfilega ákveðin 1.150.000 krónur, án tillits til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnanda flutti málið Bragi Dór Hafþórsson lögmaður.

Af hálfu stefnda flutti málið Soffía Jónsdóttir lögmaður.

Arnaldur Hjartarson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 19. febrúar 2018 en hafði fram til þess engin afskipti haft af meðferð þess.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, A, 3.605.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 8. febrúar 2016 til 12. maí 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Braga Dórs Hafþórssonar, 1.150.000 krónur.

Arnaldur Hjartarson